

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 244/2013

2013/EES/64/06

frá 19. mars 2013

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á þríkalsíumfosfati (E 341 (iii)) í næringarefnablöndur sem eru ætlaðar til notkunar í matvæli fyrir ungbörn og smábörn (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvælaaukefni, matvælaensím, matvælabragðefni og næringarefni og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 4) Umsókn um leyfi fyrir notkun á þríkalsíumfosfati (E 341 (iii)) sem kekkjavarnarefni sem er bætt í næringarefnablöndur, sem eru ætlaðar til notkunar í ungbarnablöndur og stoðblöndur eins og skilgreint er í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB frá 22. desember 2006 um ungbarnablöndur og stoðblöndur og um breytingu á tilskipun 1999/21/EB ⁽³⁾, var lögð fram 19. júní 2009 og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 5) Umsóknin varðar nýja færslu í B-þætti 5. hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008. Tæknileg

þörf fyrir þríkalsíumfosfat (E 341 (iii)) sem matvælaaukefni tengist því að efnið getur veitt blöndum í duftformi þá sérstöku eiginleika að vera lausar í sér. Varan getur tekið í sig allt að 10% eigin þyngdar af raka úr umhverfinu án þess að kekkir myndast í blöndunni og heldur blöndunum lausum í sér, en það telst vera ávinningur fyrir neytendur.

- 6) Í álitinu frá 7. júní 1996 ⁽⁴⁾ um öryggi þríkalsíumfosfats (E 341(iii)) sem matvælaaukefnis í næringarefnablöndum sem eru ætlaðar til notkunar í ungbarnablöndur og stoðblöndur komst Vísindanefndin um matvæli að þeirri niðurstöðu að notkun þess sé ásættanleg, að því tilskildu að ekki sé farið yfir heildarmagn kalsíums og fosförs og hlutfallið á milli þeirra.
- 7) Kalsíumsölt af ortófosförsýru, þ.m.t. þríkalsíumfosfat, eru steinefni sem eru leyfð til notkunar í ungbarnablöndur og stoðblöndur í samræmi við III. viðauka við tilskipun 2006/141/EB. Leyfi fyrir notkun á þríkalsíumfosfati (E 341 (iii)) sem kekkjavarnarefni í næringarefnablöndur, sem eru ætlaðar til notkunar í ungbarnablöndur og stoðblöndur, telst því ekki öryggisvandi svo fremi sem heildarmagn kalsíums og fosförs er innan marka að því er varðar þessi tvö steinefni og hlutfallið á milli kalsíums og fosförs sem er fastsett í þeirri tilskipun.
- 8) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna.
- 9) Þar eð leyfi fyrir notkun á þríkalsíumfosfati (E 341 (iii)) sem kekkjavarnarefni í næringarefnablöndur, sem eru ætlaðar til notkunar í ungbarnablöndur og stoðblöndur, skal vera í samræmi við þau mörk fyrir kalsíum og fosfór og það hlutfall á milli kalsíums og fosförs sem eru fastsett í tilskipun 2006/141/EB er ólíklegt að uppfærsla á þeirri skrá hafi áhrif á heilbrigði manna. Af þessum sökum er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 77, 20.3.2013, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 188/2013 frá 8. nóvember 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1.

⁽⁴⁾ Skýrslur vísindanefndarinnar um matvæli, 40. ritröd, 1997.

- 10) Því er rétt að leyfa notkun á þríkalsíumfosfati (E 341 (iii)) sem kekkjavarnarefni í næringarefnablöndur sem eru ætlaðar til notkunar í ungbarnablöndur og stoð-blöndur.
- 11) Því ber að breyta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. mars 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIDAUKI

Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 341 (iii) í B-þætti 5. hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 komi eftirfarandi:

„E 341 (iii)	Tríkalsíumfosfat	Hámarksyfirfærsla 150 mg/kg sem P2O5 og innan marka að því er varðar kalsíum og fosfór og hlutfallið á milli kalsíums og fosfórs sem er fastsett í tilskipun 2006/141/EB.	Öll næringarefni	Ungbarnablöndur og stoðblöndur eins og skilgreint er í tilskipun 2006/141/EB
		Hámarksgildi 1000 mg/kg, gefið upp sem P2O2, vegna allrar notkunar í endanlegum matvælum, sem um getur í lið 13.1.3 í E-hluta II. viðauka, er virt.	Öll næringarefni	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er í tilskipun 2006/125/EB“